

# Ályktun frá foreldrum í Suðurhlíðum varðandi skólaakstur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla

Undir listann rita 95 manns.

## Ályktun frá foreldrum í Suðurhlíðum, 105 Reykjavík

### Varðar skólaakstur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla (*mál SFS2019020005*)

Við undirrituð mótmælum fyrirhugaðri breytingu á skólaakstri í hverfi 105. Við höfum í höndunum upplýsingar um það að Skóla- og frístundasvið hefur til skoðunar að leggja niður akstur nemenda með hóp bifreiðum og taka upp reglur um strætókort, með það að leiðarljósi að hvetja borgarbúa til að nota almenningssamgöngur í meira mæli en nú er gert og draga úr kostnaði.

Rök okkar gegn breytingunum eru eftirfarandi:

1. Ekki eru til staðar strætisvagnsamgöngur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla.
2. Um erfiða gönguleið er að ræða yfir Litlu-Öskjuhlíð. Þar er bersvæði, illa upplýst, ekki mokað á veturna og stígurinn ekki hálfkuvarinn. Leiðin er því ekki örugg. Önnur leið liggur meðfram Bústaðavegi, sem er stór umferðargata og hættuleg börnum. Þó vegalengdin milli þess íbúðarhúsnæðis sem stendur neðst í Suðurhlíðahverfinu og Hlíðaskóla sé um 2 km viljum við sérstaklega taka fram að kílómetra-viðmið eiga illa við um hverfið og vísun í drög að reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar varðandi undanþágu um vegalengd (neðsta málsgrein): „...samþykkt að heimila Menntasviði að gera undanþágu um vegalengd þar sem um mjög erfiðar gönguleiðir er að ræða, svo sem þungar umferðargötur, bersvæði og illa lýstar leiðir“.
3. Auðsýnt þykir að verði skólaakstur felldur niður munu foreldrar barna í Suðurhlíðunum neyðast til að keyra börn sín í skólann. Þetta mun auka einkabílaumferð og er því í mótsögn við stefnu Skóla- og frístundasviðs að aðgerðin stuðli að aukinni notkun almenningssamgangna. Auk þess mun þetta auka umferðaröngþveiti við skólann, sem þó er allnokkuð fyrir.
4. Aðgerðin mun rýra lífsgæði íbúa í Suðurhlíðunum og þar með markaðsvirði fasteigna.